





# RANGÁRÞING YTRA - Deiliskipulag skálasvæðis við Hrafninnusker




Deiliskipulag fyrir breytingu



Deiliskipulag eftir breytingu, mkv. 1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Hluti úr Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, ekki í kvarða

## Greinargerð

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker á Rangárvallafrétti í Rangárþingi ytra. Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var í sveitarstjórn 26. maí 2010. Skipulagssvæðið er um 1 ha að stærð sem er um 1.140 m hæð yfir sjó og liggur austan við hábungu Hrafninnuskers. Höskuldsskáli í Hrafninnuskeri stendur við Laugavegin, eina vinsælustu gönguleið landsins, og hefur fjöldi ferðamanna aukist með árunum um hálandið. Á svæðinu er nú þegar gistiskáli (Höskuldsskáli), skálavæðing og geymsla ásamt vindskýli og útikamar ofan við tjaldsvæðið.

## Lýsing á breytingu

Breytingin felst í breyttum lóðarmörkum, þar sem lóð er stækkuð og gert er ráð fyrir einni lóð ásamt byggingarreit um núverandi byggingar á svæðinu. Með stækkun lóðar breytast lóðarmörk og stærð deiliskipulagssvæðis, sem fer úr 1ha í um 1.42ha. Lóðarmörk eru sýnd á upprætti ásamt samræmdri hnitaskrá fyrir lóðina. Leyfilegt byggingarmagn á lóð er 280m<sup>2</sup> og helst það óbreytt. Allar byggingar skulu rúmast innan byggingarreits. Lóð má ekki skipta eða breyta nema með samþykki forsætisráðuneytis og leyfi skipulagsyfirvalda.

## Aðalskipulag

Deiliskipulagssvæðið er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Samkvæmt aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 nær deiliskipulagssvæðið til afþreyingar- og ferðamannasvæðis, en það er skilgreint sem "svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar". Samkvæmt landsskipulagsstefnu falla skálarnir undir skilgreiningu fjallaselja, þar sem þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits. Hrafninnusker er innan þjóðlendna, sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.

## Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir

Skálasvæðið við Hrafninnusker er skilgreint innan marka miðhálandisins og fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/ 2006, sbr. Viðauka 2. lið 12.d.

Að öðru leyti gilda þeir skipulags- og byggingarskilmálar sem settir voru í upphaflegu deiliskipulagi árið 2010.


## SKÝRINGAR :

- Mörk deiliskipulags
- Lóðarmörk
- Lóðarstærð í m<sup>2</sup>
- Byggingarreitur
- Núverandi hús
- Vegslóði
- Núverandi gönguslóði
- Tjaldsvæði
- Hnitpunktar og númer
- Hæðarlínur
- Kaldavatsnslögn
- Heitavatsnslögn

## HNITASKRÁ :

p1	491721,79	381114,46	p3	491855,79	381074,46
p2	491855,79	381114,46	p4	491721,79	381074,46

Hnitakerfi: ISN93



Yfirlitsmynd til skýringar í mkv. 1:5000

HEITI VERKS:

RANGÁRÞING YTRA  
HRAFNTINNUSKER

HEITI TEIKNINGAR:

DEILISKIPULAG SKÁLASVÆÐIS VIÐ HRAFNTINNUSKER  
Deiliskipulagsbreyting - breyting á lóðarmörkum

VERKNR:	MKV:	TEIKNINGAR:
209-011	1:2000 í A3	001
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	ÞAGS. TEIKN:
sr	oh	02. júní 2024

YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: TEIKN. BREYTT:



Austurvegi 6 - 800 Selfoss  
s: 482 4090  
netf: landform@landform.is

TILYFIRLESTAR